STJÓRNARTÍÐINDI B 72 – 1989

1. nóvember 1989 1033 Nr. 510

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 486/1982, um söluskatt, með síðari breytingum.

1. gr.

27. tl. 13. gr. reglugerðarinnar, sbr. reglugerð nr. 220/1984,orðist svo:

Vörur, sem falla undir eftirtalin tollskrárnúmer, sbr. viðauki I við tollalög nr. 55/1987, með áorðnum breytingum:

úr 3926.9029	Gardínukerfi til skyggingar eða dagstyttingar í gróðurhúsum
úr 8413.7000	Miðflóttaaflsdælur
úr 8414.5909	Heyblásarar (súgþurrkunarblásarar)
úr 8418.6106	Kælikerfi fyrir grænmeti og ávexti
úr 8419.8909	Mjólkurkælar, brennisteinsbræðarar
úr 8423.2000	Ördropadælur
úr 8422.3000	Pökkunarvélar fyrir grænmeti
úr 8422.4000	Bindivélar
úr 8422.8000	Pottaþvottavélar
úr 8423.8200	Fjárvogir
úr 8424.8100	Vökvunartæki, heit- og kaldþokutæki til úðunar á lyfjum, þrýstiúðadælur
úr 8426.9100	Ámoksturstæki fyrir almennar hjóladráttarvélar
úr 8428.2000	Heyblásarar til að færa hey
úr 8428.3200	Færibönd fyrir upptökuvagna
úr 8428.3900	Heylosunarbúnaður
úr 8430.6901	Ámoksturstæki fyrir almennar hjóladráttarvélar
úr 8432.1000	Plógar
úr 8432.2100	Diskaherfi
úr 8432.2900	Önnur herfi
úr 8432.2900	Hreykivélar, arfatætarar og vélar til að skrapa og losa jarðveg
úr 8432.3000	Sáðvélar fyrir bakka, akra og garða
úr 8432.3000	Kartöfluniðursetningarvélar, útplöntunarvélar
úr 8432.4000	Mykjudreifarar og áburðadreifarar
úr 8432.8000	Valtarar fyrir tún og flagjafnarar
8433.2000	Sláttuvélar
8433.3001	Rakstrar- og snúningsvélar
úr 8433.4000	Rúllubindivélar og heybindivélar
úr 8433.4000	Baggatínur
8433.5300	Rótar- eða hnýðisuppskeruvélar
úr 8433.5900	Upptökuvélar fyrir aðra garðávexti
8433.6000	Vélar til að hreinsa, aðgreina eða flokka egg, ávexti, grænmeti og aðrar landbúnaðarafurðir
úr 8433.6000	Þvottavélar fyrir garðávexti
8434.1000	Mjaltavélar
úr 8436.8000	Áburðarblandarar, afskurðarvélar
úr 8436.8000	Sérhannaðar vélar og tæki til svepparæktar, afblöðunarvélar fyrir blóm, plastyfirbreiðsluvélar
8437.1000	Vélbúnaður til að hreinsa, aðgreina eða flokka fræ, korn eða þurrkaða belgávexti
úr 8474.2000	Moldarkvarnir
úr 8479.8909	Tómatplöntuvibratorar
úr 8510.2001	Fjárklippur

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

úr 8537.1009	Loftslags- og vökvunarstjórnbúnaður
úr 8537.1009	Stjórntæki til koltvíildisgjafar
8716.2000	Sjálfhlaðandi- eða sjálflosandi tengivagnar og festivagnar til landbúnaðarnota, upptökuvagnar fyrir grænmeti
úr 8716.8001	Grindur á hjólum fyrir vagna í nr. 8716.2000
úr 8716.8001	Sérbyggðir vagnar á sporbraut
úr 9025.1900	Hitamælar fyrir gróðurhús
úr 9027.4000	Ljósmælar fyrir gróðurhús
úr 9027.8000	Mælar fyrir leiðnitölu sýrustiga
úr 9405.1001	Gróðurlýsingarlampar
úr 9405.1009	Gróðurlýsingarlampar

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 10/1960, um söluskatt, með áorðnum breytingum, til að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er reglugerð nr. 128/1985 felld úr gildi.

Fjármálaráðuneytið, 1. nóvember 1989.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.

Nr. 511 1. nóvember 1989

REGLUGERÐ

um jöfnunartoll á innfluttar kökur og majones.

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð, við tollafgreiðslu, 25% jöfnunartoll af kökum sem flokkast í tnr. 1905.9040 og 14% af majonesi sem flokkast í tnr. 2103.9002 í viðauka I við tollalög nr. 55/1987, með áorðnum breytingum.

2. gr.

Jöfnunartollur samkvæmt 1. gr. skal lagður á tollverð vöru og skulu ákvæði 8.–10. gr. tollalaga nr. 55/1987, með áorðnum breytingum, gilda eftir því sem við getur átt.

Að því leyti sem ekki er kveðið á um vöruflokkun, gjalddaga, innheimtu, stöðvun tollafgreiðslu, lögvernd, viðurlög, refsingu og aðra framkvæmd innheimtu jöfnunartolls skulu gilda eftir því sem við getur átt ákvæði tollalaga nr. 55/1987, með áorðnum breytingum, svo og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.

3. gr.

Tollstjórar annast innheimtu jöfnunartolls samkvæmt reglugerð þessari og standa skil á þeim til ríkissjóðs eftir þeim fyrirmælum sem fjármálaráðuneytið setur um skil innflutningsgjalda, sbr. 15. gr. reglugerðar nr. 530/1975, um reikningsskil innheimtumanna ríkissjóðs.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 118. gr. tollalaga nr. 55/1987 til að öðlast gildi þegar í stað og skal hún gilda til 30. apríl 1990.

Fjármálaráðuneytið, 1. nóvember 1989.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.

Stjórnartíðindi B 72, nr. 510–511. Útgáfudagur 2. nóvember 1989.